

Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 21.03.2023 kl. 10:00-12:00

Fundinn sátu : Haraldur Þór Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason, Jón G. Valgeirsson og Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Vilhjálmur Sveinsson ráðgjafar hjá KPMG

1. Niðurstöður vinnustofu – drög frá KPMG

Fyrir fundinn lágu fyrir drög sem KPMG vann eftir vinnustofuna sem haldin var 9 mars sl. Umræður fóru fram og voru fundarmenn almennt ánægðir með drögin.

Ráðgjafar KPMG munu vinna áfram með drögin og stilla upp minnisblaði þar sem dregin verða saman mikilvægustu atriðin. Áhersla verður að hafa minnisblaðið einfalt og skýrt þannig að auðvelt verður að kynna það fyrir baklandi.

Hugmyndir voru um það hvort fagaðilar s.s. Háskólinn eða Byggðastofnun ættu að koma að vinnu starfshópsins.

Fundarmenn voru sammála um það að starfshópurinn væri á réttri leið og sú vinna sem hefur átt sér stað muni skila árangri.

Fundi slitið kl. 11:30.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 28. mars kl. 9:00 í fjarfundi.